



Starfsábyrgðartrygging umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa

Skilmáli nr. AP30

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AP30.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Starfsábyrgðartryggingunni er ætlað að bæta almennt fjárhagslegt tjón viðskiptamanna vegna gáleysis umboðsmanns.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá umboðsmaður eigenda vörumerkja og einkaleyfa sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

3. Hvenær gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur tryggðum sem til stofnast á tryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
- a) Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur tryggðum eða VÍS.
 - b) Tryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hans hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir tryggingu þessa og kunni að verða rakið til tryggðs, eða að bein hættu sé á að slíkt tjón verði.
- 3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir VÍS ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en tryggingartímabilið hófst.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir almennt fjártjón viðskiptamanns tryggðs er leiðir af gáleysi í störfum hans sem umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa eða þess sem ráðinn er til starfa hjá honum.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
- a) Tjón sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er víðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem umboðsmanns eigenda vörumerkja og einkaleyfa.
 - b) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
 - c) Líkamstjón og skemmdir á munum.
 - d) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla VÍS vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur í



skírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 6.2 VÍS greiðir kostnað sem eðlilegt er að tryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem tryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.
- 6.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er VÍS aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.
- 6.4 Tryggingarfjárhæðir breytast árlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Verð og eigin áhætta breytast á sama hátt.

7. Staða tjónþola við tjón

- 7.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bótakrafna

- 8.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 8.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.